

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020002

Ákvörðun nr. 54/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 54/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 2. febrúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við handtöku þegar afskipti voru höfð af [REDACTED] þann 2. júní 2023.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 6. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna afskiptanna og dagbókarfærslur embættisins. Fram kemur einnig að ekki er um að ræða að til séu upptökur af samskiptum lögreglu við aðila vegna umræddra atvika.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfaðferðum starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Nefndin telur aðfinnsluvert að bókmyndavélar hafi ekki verið notaðar við aðgerðir lögreglu í umrætt sinn.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir